

14. gr.

Sérákvæði um vörslu stóðhesta og nauta.

Til vörslu stóðhesta og nauta utanhúss skal gera eftirfarandi lágmarkskröfur:

A. Vörsluhólf.

1. *Hrossheld rafgirðing*, sbr. ákvæði 13. gr.

2. *Fjárheld netgirðing*, sbr. ákvæði 13. gr. að viðbættum 2-3 gaddavírsstrengjum þannig að hæð girðingar verði allt að 1,30 m.

B. Gerði við hús.

Hæð skilveggja skal vera minnst 2,00 m. Séu skilveggir ekki heilir (lokaðir) skulu þeir vera það þéttklæddir að gripir í nærliggjandi gerðum nái ekki saman.

VI. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

15. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 135/2001 um girðingar og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. október 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Tanga hf., kt. 551265-0219, til að reka fiskimjölsverksmiðju á Vopnafirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins, 21. október 2002.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.